



207. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 09. júní 2020 kl. 09:00.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Líska Garðarsdóttir, Estelle Marie Burgel (fulltrúi foreldra) og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur formaður skólanefndar setti fund kl. 09:00.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 206 var samþykkt án athugasemda og undirrituð af fundarmönnum.

2. Tölfræði vorannar – OLG

Olga Líska kynnti tölfræði áfanga síðustu 5 ára sem sviðsstjórar tóku saman undir lok vorannar. Niðurstöður sýna að meðaltal breytist lítið á milli anna frá hausti 2015 til vorannar 2020. Hvatt hefur verið til að deildir fari yfir þessar niðurstöður og meti stöðuna. Olga Líska sýndi einnig niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir á vordögum og tengdist líðan nemenda á meðan skólalokun stóð yfir. Frekar jákvæð mynd kom út úr þeirri könnun en greinilegt var að aðstaða nemenda heima við var mjög mismunandi. Lögð hefur verið könnun fyrir kennara sem tengist sama tímabili en ekki er komin niðurstaða úr henni.

3. Breyting á eyktaskipan/stokkakerfi – OLG

Kynnt var ný eyktaskipan sem tekur gildi næsta haust. Með nýrri eyktaskipan er alltaf eitt par í hverjum stokki þ.e. tveir tímar í stokki raðast saman. Þessi breyting er hugsuð til þess að fá betri nýtingu á stokkunum. Spennandi er að sjá hvernig þetta mun reynast á næstu önn.

4. Starfsmenn sem hætta í vor, nýráðningar haustönn 2020 – OLG

Þórarinn Ingólfsson og Arnlaugur Bergsson láta af störfum við skólann á vordögum. Þeir eru tveir af frumkvöðlunum sem komu til starfa þegar skólinn var stofnaður 1981 og eru þeir síðustu sem nú láta af störfum við hann. Aðstoðarskólameistari verður Sigursveinn Már Sigursveinsson en ekki hefur verið ráðið í stöðu Arnlaugs. Björgvin Eyjólfur Björgvinsson verður áfangastjóri næstu 4 árin þar sem hann var ráðinn áfram í stöðuna frá hausti. Ida Lön hefur verið ráðin sviðsstjóri í stað Sigursveins. Varðandi nýráðningar þá er staðan sú að það vantar kennara í málmiðngreinar, íslensku, spænsku, íþróttir, rafmagn og líklega í raungreinar.

5. Ný lína á náttúrufræðibraut - búfræðilína - OLG

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur óskað eftir samstarfi varðandi búfræðinám. Tvö ár sem eru grunnur væru tekin í FSu og síðan yrði farið í búfræði á Hvanneyri og eftir eitt ár þar



myndi viðkomandi útskrifast sem stúdent úr FSu. Í framhaldinu myndi viðkomandi bæta við sig einu ári og myndi þá útskrifast sem búfræðingur frá Hvanneyri.

6. Heimavistarmál –OLG

Bréf hefur borist frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sem skrifað er 11. maí. Í bréfinu er mælt til þess að fundið verði hentugt húsnæði sem heimavist fyrir ólöggráða nemendur við FSu og húsnæðið tekið á leigu til reynslu í 3 – 5 ár. Umræður sköpuðust um þetta og var lagt til að sett yrði auglýsing í Dagskrána til þess að reyna að finna húsnæði. Ýmislegt er í pípunum en ekkert fast í hendi.

Fram kom mikið þakklæti til þeirra sem hafa unnið að því að koma á fót heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Sérstaklega skal þakka þeim sem hafa unnið í starfshópi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

7. Önnur mál

- a. Lýst var yfir ánægju með framkvæmd brautskráningar við FSu á vordögum þó svo að aðstæður hafi verið erfiðar vegna ákveðinna veiru takmarkana.

- b. Þórarinn Ingólfsson fráfarandi aðstoðarskólameistari þakkaði nefndarmönnum fyrir samstarfið og óskaði þeim öllum góðs í framhaldinu.

Næsti fundur er fyrirhugaður þriðjudaginn, 15. september kl. 09:30

Fundi slitið kl. 10:50
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson